

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 10. apríl 2026

Mál nr. E-22/2024:

Guðfinna Sigurjónsdóttir,
Sigurjón Kristinn Sigurjónsson,
Bjarki Bjarnason,
Guðbjörg Nordal Þorsteinsdóttir,
Hilmar Hjartarson,
Hjördís Hjartardóttir,
Sigurður Bjarni Hjartarson,
Sigríður J. Sigurjónsdóttir,
Hallgrímur Magnús Sigurjónsson og
Viðar Hjartarson
(Ólafur Björnsson lögmaður)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigurgeir Valsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 26. febrúar sl., var höfðað 29. febrúar 2024.

Stefnendur eru Guðfinna Sigurjónsdóttir, kt. [...], [...], Sigurjón Kristinn Sigurjónsson, kt. [...], [...], Bjarki Bjarnason kt. [...], [...], Guðbjörg Nordal Þorsteinsdóttir, kt. [...], [...], Hilmar Hjartarson, kt. [...], [...], Hjördís Hjartardóttir, kt. [...], [...], Sigurður Bjarni Hjartarson, kt. [...], [...], Sigríður J. Sigurjónsdóttir, kt. [...], [...], Hallgrímur Magnús Sigurjónsson, kt. [...], [...] og Viðar Hjartarson, kt. [...], [...].

Stefndi er íslenska ríkið, kt. [...], [...].

Stefnendur krefjast þess aðallega að felldur verði úr gildi að hluta úrskurður óbyggðanefndar frá 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021, „Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurreppur“, þess efnis að jörðin Bjarnarnes, lnr. 188866, sé þjóðlenda, þ.e. eftirfarandi landsvæði, svokallaðir Almenningar eystri:

„Upphafspunktur er við sjó við Öxi undir Axarfjalli. Þaðan upp á Axarfjall og eftir Axarfjalli á vatnaskilum milli Látravíkur og Hrollaugsvíkur upp á háfjallgarðinn á vatnaskil milli Hornvíkur og Hrollaugsvíkur. Þaðan suður eftir umræddum vatnaskilum að upptökum Drífandisár. Þaðan er Drífandisá fylgt til austurs að Drífandisfossi og til sjávar. Þaðan er ströndinni fylgt norðvestur í upphafspunkt við Öxi.“

Þess er því krafist að viðurkennt verði með dómi að enga þjóðlendu sé að finna innan á framangreindu svæði.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur stefnenda á jörðinni Bjarnarnes innan þjóðlendu.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu, bæði í aðal- og varakröfu, í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál en stefnendur hafi gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning eða að mati dómsins.

Helstu málsatvik.

Almennt.

Með bréfi 27. nóvember 2019 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar landsvæði á Vestfjörðum, sem m.a. nær yfir Bjarnarnes á ströndum, á grundvelli laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.

Fyrir óbyggðanefnd krafðist fjármála- og efnahagsráðherra þess fyrir hönd íslenska ríkisins að viðurkennt yrði að land innan tiltekinna kröfupunkta yrði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna. Hvað Bjarnarnes varðar var um að ræða sameiginlega kröfu vegna Almennaeystra, þ.e. Látravík og Bjarnarnes, en einnig Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík:

Upphafspunktur er í sjó við Öxina undir Axarfjalli (1). Þaðan bein sjónhending í hæstu hyrnuna á Axarfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum í Galthyrnu (3). Þaðan eftir hæstu fjallsbrúnum Breiðskarðs og þaðan eftir hæstu fjallabrúnum eins og vötum hallar að Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík, í samræmi við þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar, í hæsta fjallgarð norðan Skorarheiðar að landamerkjum Furufjarðar (4). Þaðan eins og vötum hallar að Bolungavíkurbjargbrún og þaðan til sjávar, eftir landamerkjum Furufjarðar (5). Þaðan eftir línu í 200 m hæð fram eftir Bolungavíkurdal og í Straumnestá sem ræður merkjum við Barðsvík (6). Þaðan í sjónhendingu í hæstu nýpu á Straumneshlíð og eftir klettabrúnum Barðsvíkur í um 400 m hæð í hæstu hyrnuna á Barðanum sem ræður merkjum Barðsvíkur og Smiðjuvíkur (7). Þaðan eftir

fjallsbrúnum Smiðjuvíkur í u.þ.b. 200 m hæð yst á Snók (8). Þaðan í sjónhendingu beint í Drýfandisfoss og þaðan til sjávar. (9). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Undir rekstri málsins var fallið frá kröfu vegna Látravíkur. Byggðist breytt kröfugerð ríkisins á gögnum frá Þjóðskjalasafni Íslands um stofnun nýbýlis á jörðinni með bréfi 11. september 1885. Hins vegar gilti hið sama ekki um Bjarnarnes þar sem jörðinni hafi verið afsalað frá Grunnavíkurhreppi án þess að fyrir liggi hvernig hreppurinn hafi eignast jörðina.

Stefnendur kröfðust þess að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þeirra að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Bjarnarnes á Ströndum og Smiðjuvík á Ströndum 1. júní 1889, landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Látravík á Ströndum og Bjarnarnes 21. júní 1889 og landamerkjabréfi fyrir Smiðjuvík á Ströndum 26. júlí 1884. Jafnframt var þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu hafnað og þess krafist að viðurkennt yrði að innan landamerkja jarðarinnar væri enga þjóðlendu að finna.

Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæði vegna Bjarnarness sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum. Hins vegar styðji fyrirbyggjandi heimildir ekki að land Bjarnarness hafi verið jörð. Það var niðurstaða óbyggðanefndar að svæðið væri þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. a-lið 7. gr. laganna, sbr. afmörkun í kröfugerð stefnenda í máli þessu.

Í málinu greinir aðila því á um gildi úrskurðar óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Bjarnarness.

Skjöl og heimildir um Bjarnarnes.

Í úrskurði óbyggðanefndar, sem birtur er á vef nefndarinnar, er fjallað um ýmis skjöl sem varða Bjarnarnes. Þess ber að geta að í heimildum um svæðið er bæði að finna ritháttinn „Bjarnanes“ og „Bjarnarnes“. Verður hér miðað við síðarnefnda ritháttinn. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Grunnavíkursveit frá 1710 segir:

Biarnanes heitir eitt nes eður landspláts fyrir austan Hornið, þar hafa menn brúkað verstöðu á vor úr Strandasýslu og Grunnavíkursveit um

lítinn tíma og smíðað þar upp verbúð, en hjer um fyrir 20 árum hefur einn maður bygt hjer upp úr verbúð lítið bæjarkorn og dvaldi þar við með konu sinni og einu barni um 2 ár og varð þó nokkuð á milli áranna. Hvorki hefur þar verið bygð áður nje síðar.

Dýrleiki er óviss á þessu landi, því það tándast öngvum og kallast almenníngar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnanesi, sem eru hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftir laganna útvísan. Galt og þessi maður, sem hjer bygði, ekkert eftir þá yrkíng eður grasnautn, sem hann brúkaði þar, sem var að fódra eina kú og fáeinar ær.

Reki er góður fyrir þessum almenníngum, þar sem festifjara er, bæði hvals og víða, þó það þyki nokkuð fara til þurðar, og nýta ýmsir so sem hvör fær til náð öldúngis tollfrí og átölulaust.

Þessir almenníngar eru að lengd 3 vikur sjáfar þegar róíð er með landi fram eftir sem gamlir menn hafa kallað, en torfæru vegur mikill er á landi og lítt fær nema gágangandi mönnum, og því sækja menn híngað jafnan á skipum.

Horn í Aðalvík á land við þessa almennínga að vestanverðu í Flæðihamar, en Smiðjuvík að austanverðu í hamar þann sem Lás kallast.

NB. Væri bygð sett í þessum almenníngum (sem þó er ei líklegt að verða muni) þá ætla menn að hún heyri til Grunnavíkursveit og Staðarkirkjusókn, og so var þau 2 árin sem bygt var.

NB. Vatnsfjarðarkirkja segja menn að hjer eigi nokkurn hlut í hvalreka, en vita ekki gjörla hvað mikinn og meina það verði undirrettað ljóslegar af Vatn<s>fjarðar staðarhaldara.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er skráð að dýrleiki Bjarnarness sé óviss. Fram kemur að jörðin sé gömul eyðijörð og að hún hafi vírst óbyggileg. Engar upplýsingar koma fram um eigendur jarðarinnar.

Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er fjallað um Bjarnarnes í neðanmálgrein um Smiðjuvík. Þar segir að Árni Magnússon hafi nefnt eyðijörðina Bjarnarnes, sem sé fyrir norðan Hornstrandir, og hún einnig nefnd 1805 en hvorki sýslumaður né prestur telji nú byggða.

Við manntalsþing að Stað í Grunnavík 27. maí 1857 var samið um hvalmál Vatnsfjarðarkirkju þannig að upp í ítak hennar skyldu borgast 38 ríkisdalir þannig að afgjaldahlutum til sveitarmanna úr hvalnum yrði borgað af bændum, samtals 12 ríkisdali og 38 skildinga, af skurðarhlutum 13 ríkisdali og sex skildinga, og Bjarnarnesmönnum, sem mest höfðu haft af hvalnum, skyldi greiða 12 ríkisdali og 52 skildinga.

Skrá um landamerki milli jarðanna Bjarnarness og Smiðjuvíkur er dagsett 1. og 21. júní 1889 og hún var þinglesin 15. ágúst 1890:

Landamerkjaskrá

Landamerki milli Bjarnarnes og Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi er Drifandisfoss að neðan, og neðar eptir Drifandadalsá.

Ögri 1. júní 1889.

Jakob Rósinkarsson.

Kollsá 21. júní 1889.

Jón Arnórsson p.t. oddviti hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps.

Bréf um landamerki milli jarðanna Látravíkur og Bjarnarness er dagsett 21. júní 1889 og það var einnig þinglesið 15. ágúst 1890:

Landamerki milli Látravíkur og Bjarnarnes er Öxin undir Axarfjalli, og þaðan bein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Axarfjalli.

Kollsá 21. júní 1889 J. Arnórsson p.t. oddviti hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps Jóhann Halldórsson.

Í bréfi sr. Jónmundar Halldórssonar 8. október 1952 til sýslumanns er sagt frá rekaviðarleigusamningi Bjarnarness sem þeir hafi rætt sín á milli. Þá segir að Bjarnarnes

hafi um langan aldur verið talin óvæfengjanleg eign Grunnavíkurhrepps og sýslumenn hafi innheimt fasteignaskatt af jörðinni. Einnig hafi Bjarnarnes verið á eignaskrá Grunnavíkurhrepps, veðsett ásamt öðrum eignum hreppsins og fært inn í fasteignamat frá 1942 sem eign hreppsins. Því hafi ekki hvarflað að nokkrum manni að telja jörðina til almenninga. Endar bréfið á þessum orðum:

Af framantöldum upplýsingum mætti vera ljóst að jörðin Bjarnarnes er – fyrir ómunatíð – orðin eign Grunnavíkurhrepps, þótt eitt sinn kunni að hafa verið talin „Almenningar“.

Samrit af rekaviðarleigusamningi við Hallgrím hreppstjóra fylgir – og óskast endursendur.

Niðurstöður óbyggðanefndar.

Í niðurstöðukafla hins umþrætta úrskurðar er fjallað í einu lagi um þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem nefnt er Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungarvík. Fram kemur að óumdeilt eignarland Látravíkur liggja að kröfusvæðinu að norðanverðu. Sunnan við það taki við landsvæði þar sem gerð sé gagnkrafa vegna Bjarnarnes en kröfusvæði ríkisins nái þar frá vatnaskilum milli Hornvíkur og Hrollaugsvíkur að vestan allt niður sjó að austan. Vestan umræddra vatnaskila liggja að kröfusvæðinu það kröfusvæði ríkisins sem nefnt sé Höfn. Þar sunnan við afmarkist kröfusvæðið að vestanverðu af vatnaskilum milli annars vegar Lónafjarðar og Hrafnfjarðar í Jökulfjörðum og hins vegar Smiðjuvíkur, Barðsvíkur og Bolungarvíkur en að austanverðu af hæðarlínum í fjöllum upp af þessum víkum. Gerðar séu kröfur vegna Smiðjuvíkur og Bolungarvíkur en engar vegna Barðsvíkur enda sé hún ríkisjörð. Að austanverðu kröfusvæði ríkisins liggja óumdeilt eignarland framangreindra þriggja jarða en að vestanverðu sé aðliggjandi kröfusvæði ríkisins sem nefnt sé Álfsstaðir, Kvíar og Steig. Að sunnanverðu liggja að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Furufjarðar.

Í úrskurðinum kemur fram að kröfusvæði ríkisins sé á Austurströndum. Milli Axarfjalls sunnan Látravíkur og árinna Drífandi nái kröfusvæðið allt frá háfjallgarðinum, á vatnaskilum gagnvart Hornvík, og að sjó, en þar séu m.a. Hrollaugsvík og Bjarnarnes. Síðan taki kröfusvæðið til lands inn af Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungarvík. Það sé að miklu leyti í um 200 m til rúmlega 650 m hæð en nái þó alveg

niður að sjó á nyrsta hluta svæðisins. Hæst rísi svæðið á vatnaskilum á vesturmörkum svæðisins. Frá norðurmörkum að suðurmörkum kröfusvæðisins séu rúmlega 13 km í beinni loftlínu. Frá bæjarstæðum Bjarnarness, Smiðjuvíkur, Barðsvíkur og Bolungarvíkur, sem öll séu við eða nálægt sjó, séu um 5–6 km í beinni loftlínu að hæstu hlutum fjalla ofan víkanna.

Fjallað er almennt um sjónarmið við úrlausn mála sem þessara í úrskurðinum en síðan tekið fram að ágreiningur aðila snúi fyrst og fremst um afmörkun aðliggjandi jarða, þ.e. hvort merki jarðanna nái inn á ágreiningssvæðin og viðkomandi hlutar þeirra séu eignarland á þeim grundvelli, að undanskildu Bjarnarnesi þar sem byggt sé á því af hálfu ríkisins að ekki sé um jörð að ræða.

Í kafla um afmörkun landsvæðanna er gerð grein fyrir landamerkjum þeirra frá norðri til suðurs, þ.e. frá Látravík til Bjarnarness, Smiðjuvíkur, Barðsvíkur, Bolungarvíkur og Furufjarðar í þessari röð. Því næst er tekið fram að ágreiningur málsins snúi að mestu leyti að því hvort eignarlönd jarða nái saman á fjöllum eða hvort þeir hlutar fjallanna sem liggja ofan við 200 eða 400 metra hæðarlínu séu eigendalausir og því þjóðlendur. Skemmst er frá því að segja að niðurstaða nefndarinnar er sú að fyrirbyggjandi heimildir um merki jarða á svæðunum, túlkaðar með hliðsjón af staðháttum, styðji við afmörkun gagnaðila ríkisins og lagt verði til grundvallar að landamerki nái að vatnaskilum. Því sé ágreiningssvæðið að öllu leyti innan landamerkja eins og þeim er lýst í landamerkjabréfunum.

Næst kemur til skoðunar eignarréttarleg staða kröfusvæðisins. Fyrst er fjallað um önnur svæði en Bjarnarnes og komist að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að þau séu þjóðlendur. Rannsókn óbyggðanefndar leiði einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland án þess að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi. Eftir standi þá að kanna eignarréttarlega stöðu Bjarnarness eða hluta af Almenninum eystri eins og svæðið sé einnig nefnt. Þrátt fyrir að komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið vegna Bjarnarness sé allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum gefi röksemdir íslenska ríkisins tilefni til að kanna nánar eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Óbyggðanefnd nefnir að krafa íslenska ríkisins byggi á því að þrátt fyrir framangreindar landamerkjalyásingar hafi Bjarnarnes verið byggt í almenningi og ekki liggi fyrir að stofnast hafi þar til eignarlands. Því til stuðnings vísi ríkið m.a. til samanburðar til þess að jörðin Látravík, norðan við Bjarnarnes, hafi einnig verið byggð

í umræddum almenningi en í tilviki Látravíkur liggi fyrir að stofnað hafi verið til nýbýlis á grundvelli nýbýlatiskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Á þeim grundvelli hafi ríkið viðurkennt að það land sem nýbýlisstofnunin tók til sé eignarland. Ekkert liggi hins vegar fyrir um að stofnað hafi verið til nýbýlis á Bjarnarnesi. Gagnaðilar ríkisins vegna Bjarnarness byggja hins vegar á því að Bjarnarnes sé og hafi verið jörð innan þeirra ummerkja sem lýst er í áður nefndum landamerkjabréfum.

Í úrskurðinum er tekið fram að landamerkjabréf hafi almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í framkvæmd hafi að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu séu tilteknar undantekningar enda hafi áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar komi fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hefði. Þá segi einnig svo:

Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.

Hér komi því til skoðunar hvort aðrar heimildir falli að lýsingum í landamerkjabréfum sem gerð hafi verið fyrir Bjarnarnes eða hvort með þeim kunni að hafa verið aukið við rétt umfram þann sem fyrir var.

Óbyggðanefnd telur lýsingu í Jarðabók Árna og Páls gefa tilefni til þeirrar ályktunar að við upphaf 18. aldar hafi verið litið svo á að Bjarnarnes hafi ekki verið jörð heldur almenningur sem hver sem er hafi getað nýtt. Hér sé um að ræða hluta af landsvæði sem nefnt sé Almenningar eystri til aðgreiningar frá Almenningum vestari. Þess sé getið að um 20 árum áður, undir lok 17. aldar, hafi fjölskylda ein búið á Bjarnarnesi um tveggja ára skeið en hvorki hafi þar verið byggð áður né síðar. Engar aðrar fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að nein búseta hafi verið á svæðinu fyrir þennan tíma.

Endurteknar eru lýsingar úr jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 og Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847. Svo kemur fram að í sóknarlýsingu Grunnavíkursóknar í Sýslu- og sóknalýsingu Vestfjarða frá 1840 segi um Bjarnarnes:

Loksins er nefndur Bjarnarnes, byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið, þar skepnur fóðrast ekki grasleysis vegna, og fólkið lifir einungis á sjávaraflla, káli, fjallagrösom og fuglatekju við Hornbjarg.

Þá segi í Grunnvíkingabók frá 1989 frá byggð í Bjarnarnesi en það muni ekki hafa verið í byggð nema í stöku árum, líklega helst þegar fólk var flest í hreppnum. Þar segi frá Jóni Guðmundssyni (f. 1842) sem hafi búið um nokkurra ára skeið á Bjarnarnesi ásamt fjölskyldu sinni undir lok 19. aldar. Þar segi jafnframt að síðasti ábúandinn á Bjarnarnesi muni hafa verið Baldvin Sigfússon sem búið hafi þar á árunum 1890-1898. Í úrskurðinum er sagt frá bréfi Elíasar Halldórssonar, oddvita Grunnavíkurbrepps, til sýslumanns 8. mars 1920 í tilefni af fyrirspurn frá Stjórnarráði Íslands 29. desember 1919 um almenninga. Svar Elíasar hafi verið að hvorki væru almenningar né afréttarlönd í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli. Í úrskurðinum er því næst endurtekin frásögn af bréfi sr. Jónmundar Halldórssonar sem áður er greint frá. Loks er í úrskurðinum minnst á afsal 29. ágúst 1962 þar sem oddviti Grunnavíkurbrepps, f.h. hreppsins, hafi selt og afsalað þeim Sigurjóni Hallgrímssyni og Hirti Bjarnasyni jörðinni Bjarnarnesi með öllum þeim gögnum og gæðum sem henni fylgdu. Gagnaðilar ríkisins, þ.e. stefnendur í máli þessu, kveðist leiða rétt sinn frá afsalinu.

Í úrskurði óbyggðanefndar er lagt út af þessum heimildum en Jarðabók Árna og Páls sé elsta heimild þar sem getið sé um Bjarnarnes. Þar komi fram að um sé að ræða almenning og aðeins hafi verið búið þar um tveggja ára skeið undir lok 17. aldar. Engar heimildir séu um byggð á svæðinu fyrir þann tíma. Í sóknarlýsingu Grunnavíkursóknar segi að Bjarnarnes sé „byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið“. Heimildir séu um að stopul búseta hafi verið á Bjarnarnesi frá miðri 19. öld og fram til 1898, þ.e. um það leyti sem landamerkjalög nr. 5/1882 tóku gildi og farið var að skrásetja landamerki jarða. Landamerkjabréf hafi verið gerð fyrir Bjarnarnes árið 1889 og undirrituð vegna Bjarnarness af hálfu oddvita hreppsnefndar Grunnavíkurbrepps. Samkvæmt lögunum skyldu landamerkjabréf árituð um samþykki eigenda þeirra jarða sem í hlut hafi átt. Ekki liggi hins vegar fyrir hvort og þá hvernig stofnast hafi til eignarréttar hreppsins áður en landamerkjabréfin voru gerð.

Óbyggðanefnd tekur fram að þrátt fyrir að Bjarnarness sé getið í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 sé þar skráð að um óbyggilega eyðijörð sé að ræða og hún ekki

metin fasteignamati auk þess sem ekki sé getið um eiganda. Bjarnarness sé ekki getið sem jarðar í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847, Nýrri jarðabók frá 1861, fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916-1918 eða fasteignabók frá 1921. Bjarnarnes virðist raunar ekki hafa verið skráð eða metið sem jörð fyrr en árið 1932 þegar þess sé getið í fyrsta skipti sem jörð í fasteignabók og landið metið fasteignamati sem eign Grunnavíkurhrepps.

Óbyggðanefnd endurtekur að þrátt fyrir ríkt sönnunargildi landamerkjabréfa verði að meta sérstaklega gildi hvers bréfs. Ekki hafi verið unnt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði með landamerkjabréfi auk þess sem ekki hafi verið unnt að stofna til eignarréttar með slíku bréfi. Að mati óbyggðanefndar styðji framangreindar heimildir ekki að land Bjarnarness, sem lýst er í landamerkjabréfum frá 1889, hafi verið jörð. Í því sambandi telur óbyggðanefnd rétt að áréttu að þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir heldur einnig t.d. afrétti sem ekki tengjast tiltekinni jörð. Gögn málsins bendi þvert á móti til þess að landsvæðið hafi verið almenningur sem síðar hafi verið tekinn til takmarkaðrar og stopullar búsetu ýmissa aðila um skamman tíma í senn á seinni hluta 19. aldar. Gögn málsins bendi ekki til þess að svæðið hafi verið nýtt sem jörð fyrir eða eftir þann tíma, utan tveggja ára tímabils undir lok 17. aldar, og ekkert bendi til þess að stofnað hafi verið til nýbýlis á Bjarnarnesi eða tilraunir gerðar til þess. Staða Bjarnarness sé að þessu leyti ólík stöðu Látravíkur þar sem fyrir liggja að stofnað hafi verið til nýbýlis 1885 og með því til beins eignarréttar yfir landsvæði þeirrar jarðar.

Í úrskurðinum segir því næst að fræðimenn hafi greint á um það hvernig háttáð hafi verið eignarrétti að almenningum og hvort þá hafi fyrst og fremst verið að finna inn til landsins eða út við haf. Nefndin hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi ekki til þess að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga og í öllu falli hafi munur á þeim og afréttum orðið lítill sem enginn þegar tímar liðu fram. Svo virðist hins vegar sem fræðimenn hafi almennt verið sammála um að almenningar hafi verið til og í síðari tíma löggjöf og fræðiviðhorfum hafi almennt verið við það miðað að almenningar væru landsvæði sem ekki væru háð beinum eignarrétti. Þær heimildir sem fyrir liggja í máli þessu bendi jafnframt til þess að það landsvæði sem hér er til umfjöllunar hafi ekki verið háð beinum eignarrétti og sé því þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd tekur fram að Bjarnarnes hafi verið skráð í fasteignabók árið 1932 sem eign Grunnavíkurbreytiss sem selt hafi jörðina áfram árið 1962. Slíkar ráðstafanir, sem varði skráningu og framsal réttinda, geti þó ekki stofnað til eignarréttar hafi honum ekki verið til að dreifa áður. Af öllu framangreindu leiði að þrátt fyrir að sú ályktun verði dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum og staðháttum að hugsanlegt sé að Bjarnarnes hafi verið innan upphaflegs landnáms, a.m.k. að einhverju leyti, liggi ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirrar beinu eignarréttinda sem þar kunni að hafa verið stofnað til. Í því efni bresti sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggi ekki fyrir. Þannig kunni beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi er til hliðsjónar vísað til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsörk og dóms Hæstaréttar Íslands frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði.

Hvað varðar röksemdir stefnenda fyrir nefndinni er lúta að hefð telur óbyggðanefnd skilyrði ekki uppfyllt til þess að hefð hafi unnist á Bjarnarnesi. Svæðið virðist fyrst og fremst hafa verið nýtt sem almenningur til takmarkaðra nota ýmissa aðila en einungis liggi fyrir að stopul búseta hafi verið á Bjarnarnesi á seinni hluta 19. aldar, allt að nokkur ár í senn, en þess á milli hafi engin eða takmörkuð not verið af landsvæðinu. Frá lokum 19. aldar liggi ekki fyrir neinar heimildir um búsetu á svæðinu eða aðra nýtingu að staðaldri heldur virðist svæðið aðeins hafa verið nýtt með mjög takmörkuðum hætti. Þar séu t.a.m. engin mannvirki. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar verði jafnframt ráðið að ráðstafanir að lögum, svo sem kaup og sala og skráning í fasteignabók, ráði ekki úrslitum í þessu sambandi. Því er það niðurstaða óbyggðanefndar að gagnaðilar ríkisins hafi ekki fært fram sönnun þess að skilyrði eignarhefðar á Bjarnarnesi hafi verið uppfyllt. Að sama skapi liggi ekkert fyrir um að stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 5. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Þá beri fyrirliggjandi heimildir um landsvæðið með sér að þangað hafi fyrst og fremst verið sóttur reki og það nýtt til útræðis en ekki að um sé að ræða landsvæði sem að staðaldri hafi verið notað til sumardeildar fyrir búfé í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Niðurstaða nefndarinnar er því að svæðið sé ekki afréttur í skilningi ákvæðisins og því þjóðlenda, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

Meðferð máls þessa hefur tafist úr hófi. Dómari tók við málinu 1. nóvember 2024. Er málið var tekið fyrir 30. janúar 2025 óskuðu aðilar eftir því að meðferð þess yrði frestað til að finna hentugan tíma fyrir vettvangsgöngu en af hálfu aðila kom fram að

vegna staðsetningar og aðstæðna yrði hún að líkindum ekki möguleg fyrr en haustið 2025. Fór dómari þess á leit að aðilar tryggðu að fært yrði að ganga á vettvang með tiltölulega skömmum fyrirvara á haustmánuðum. Með tölvubréfi dómara 21. ágúst 2025 voru lögmenn beðnir um að lýsa afstöðu sinni til þess að vettvangsganga færi fram 4. september 2025. Í svarbréfi lögmanns stefnenda 21. ágúst 2025 kom fram að bátur frá Norðurfirði væri hættur að ganga svo ekki væri raunhæft að ganga á vettvang að svo stöddu.

Dómari og lögmenn gengu á vettvang við upphaf aðalmeðferðar 26. febrúar sl. Var vettvangurinn skoðaður með rafrænum hætti með þrívíddarkorti með örnefnum og kröfulínunum. Lýstu aðilar sig sammála um þessa tilhögun og óskuðu eftir því að bókað yrði um að þeir telji hana sambærilega hefðbundinni vettvangsgöngu. Er það og afstaða dómsins.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda.

Í stefnu er fjallað um fyrirliggjandi heimildir um Bjarnarnes sem falla að mestu saman við lýsingu óbyggðanefndar. Þó ber að geta þess að í örnefnaskrá fyrir Almenninga eystri og Bjarnarnes, sem Jóhann Hjaltason mun hafa skráð haustið 1940 en hreinskrifað og aukið sumarið 1966, eftir sögn Högna Sturlusonar og Guðm. Ó. Frímanssonar, segir:

Þegar Þorvaldur Thoroddsen ferðaðist um þessar slóðir árið 1886, þá var annar leiðsögumanna hans Jón bóndi Guðmundsson í Bjarnarnesi [...] Dr. Þ. Th. segir um Jón: „Jón Guðmundsson leiðbeindi mér ágætlega hér um fjöllin og gaf mér margar góðar upplýsingar um ýmislegt, er snertir Hornstrandir, enda er hann manna kunnugastur, því hann hefur búið 13 ár í Bjarnarnesi.“

Því næst er fjallað um vernd eignarréttar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. fyrsta samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hið umþrætta landsvæði sé eign stefnenda og geti því ekki talist þjóðlenda enda innan þinglýstra landamerkjia að öllu leyti. Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi samningsviðaukans hafi sjálfstæða merkingu en átt sé við að við mat á því hvort um sé að ræða eign sem njóti verndar mannréttindasáttmálans þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði

hins vegar ekki alltaf úrslitum við mat á því hvort um eign sé að ræða. Mannréttindadómstóllinn hafi beitt mati með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig en við matið beri að líta til allra málsatvika í heild sinni. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn báru til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga eða lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar þeirra um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Þá byggja stefnendur einnig á sjónarmiðum sem dómstóllinn hefur lagt til grundvallar um lögmetar væntingar.

Stefnendur byggja á því að landsvæðið hafi frá öndverðu verið numið. Sá eignarréttur hafi ekki fallið niður síðan og sé hið umdeilda land því eign stefnenda. Í Landnámu segi:

Geirmundr [heljarskinn] fór vestr á Strandir ok nam þar land frá Rytagnúp vestan til Horns ok þaðan austr til Straumness. Þar gerði hann fjögur bú, eitt í Aðalvík, þat varðveitti ármaðr hans, annat í Kjaransvík, þat varðveitti Kjaran þræll hans, þriðja á almenningum enum vestrum, þat varðveitti Björn þræll hans, er sekr varð um sauðatöku eptir dag Geirmundar; af hans sekðarfé urðu almenningar; fjórða í Barðsvík, það varðveitti Atli þræll hans, ok hafði hann fjórtán þræla undir sér. En er Geirmundr fór meðal búa sinna, hafði hann jafnan átta tigu manna. [...]

Hella-Björn son Herfinns ok Høllu var víkingr mikill; hann var jafnan óvinr Haralds konungs. Hann fór til Íslands ok kom í Bjarnarfjörð með alskjölduðu skipi; síðan var hann Skjalda-Björn kallaðr. Hann nam land frá Straumnesi til Dranga, ok í SkjaldaBjarnarvík bjó hann, en átti annat bú á Bjarnarnesi.

Stefnendur benda á að svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Óbyggðanefnd virðist horfa fram hjá því að sambærileg lönd, sem eru aðliggjandi kröfusvæðinu, séu öll

viðurkennd eignarlönd. Þrætusvæðið eigi að falla í sama flokk enda sambærilegt land að gæðum og að uppruna og eignarréttur sambærilega skráður. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Byggt er á því að af lýsingum Landnámu megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið og landnám hafi verið samfellt. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Landnáma hafi í dómaframkvæmd oft verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarétt, sbr. einnig almennar niðurstöður óbyggðarnefndar í fyrri úrskurðum. Virðist hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarétt á þessu svæði.

Stefnendur byggja kröfur sínar einnig á þeirri meginreglu íslensks eignarréttar að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland og að sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Við setningu landamerkjaganna nr. 5/1882 og síðar laga nr. 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarðaeigna, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi, sbr. 6. gr. síðarnefndu laganna. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekki verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Með vísan til landamerkjaganna og tilgangs þeirra er á því byggt að landamerkjabréf þau er lýsa merkjum gagnvart Bjarnarnesi bendi til þess að um sé að ræða landsvæði sem sé háð beinum eignarrétti. Sérstaklega er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarétt landeigenda Bjarnarness í gegnum tíðina. Byggir krafa stefnenda m.a. á þinglýstum afsölum, sýslu- og sóknalýsingum, jarðamötum og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða Bjarnarnes sem vísað er til í málinu. Í þessu sambandi nefna stefnendur sérstaklega Jarðabók Árna og Páls, jarðamat Ísafjarðarsýslu frá 1804 og Jarðatal Jóns Johnsens frá 1842. Þá byggir krafa stefnanda sérstaklega á þinglýstum landamerkjabréfum fyrir Bjarnarnes sem áður er gerð grein fyrir.

Stefnendur telja ekki vera uppi ágreiningur um afmörkun svæðisins en benda þó á að landamerkjalyásingar jarðarinnar séu haldnar þeim ágalla að merkjum til fjalla sé ekki lýst sérstaklega. Tekið er undir röksemdir óbyggðanefndar um að miða beri við fjallseggjar og vatnaskil. Nefndin hafi hins vegar metið eignarréttarlega stöðu jarðarinnar ranglega. Niðurstaða óbyggðanefndar virðist byggja á því að eignaréttur Bjarnarness hafi á einhverjum tímapunkti fallið niður þar sem fram komi í elstu fyrirbyggjandi heimild um jörðina, þ.e. Jarðabók Árna og Páls yfir Grunnavíkursveit frá 1710, að litið hafi verið á jörðina sem almenning sem hver sem er hafi getað nýtt sem og að búseta hafi verið stopul þar í gegnum árin. Þá er einnig vísað til þess að engin nýbýlatilskipun liggi fyrir líkt og við eigi um jörðina Látravík. Auk þess bendi fleiri heimildir til þess að jörðin hafi verið byggð í almenningi.

Hvað þetta varðar benda stefnendur á að Bjarnarnes sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, undirrituðu af eigendum hennar, sem hafi verið Grunnavíkurreppur. Þá hafi jörðin m.a. verið í jarðamati frá 1804 þótt hennar hafi verið getið sem eyðijarðar. Telja stefnendur þetta vera skýlausa sönnun þess að litið hafi verið á jörðina Bjarnarnes sem jörð í eigu Grunnavíkurhrepps, a.m.k. allt frá árinu 1884, þegar landamerkjabréf Smiðjuvíkur hafi verið undirritað. Þá byggja stefnendur á því að engu breyti hér um þó að landið hafi verið kallað almenningur í gegnum tíðina en hugtakið vísi frekar til nýtingar en eignarréttarlegrar stöðu. Ljóst sé að sveitarfélagið hafi verið eigandi jarðarinnar.

Stefnendur telja engar heimildir benda til þess að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti eða eignarréttur á því týnst. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða. Bent er á afsal 29. ágúst 1962, bréf sr. Jónmundar 8. október 1952, eignaskrá Grunnavíkurhrepps og fasteignamat 1942. Jafnframt er vísað til svars oddvita Grunnavíkurhrepps til sýslumanns þess efnis að hvorki væru almenningar né afréttarlönd í hreppnum sem ekki tilheyrðu lögbýli. Samkvæmt þessum heimildum og öðrum sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóði á um sé háð beinum eignarrétti og allt land innan þeirra merkja tilheyri jörðinni. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði styðji við þá niðurstöðu að jörðin sé öll undirorpin beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin aðliggjandi landsvæðum sem hafi verið talin til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms.

Stefnendur telja engin rök hníga að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Benda stefnendur hér sérstaklega á aðliggjandi jörð, Látravík, sem íslenska ríkið hafi viðurkennt sem eignarjörð. Þrætusvæðið eigi að falla í sama flokk enda sambærilegt land að gæðum og að uppruna og eignarréttur sambærilega skráður. Það fái ekki staðist jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu að Bjarnarnes hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðliggjandi land.

Í stefnu segir að ljóst sé að jörðin hafi verið byggð úr svokölluðum almenningum en heimildir séu um búsetu þar. Engu máli ætti því að skipta þótt ekkert byggingarbréf, líkt og fyrir jörðina Látravík, hafi fundist fyrir Bjarnarnes. Fyrir liggi að Grunnavíkurheppur hafi snemma gert eignartilkall til jarðarinnar og selt hana svo til forvera núverandi eigenda. Hafi jörðin síðan verið nýtt með öllum mögulegum og hefðbundum hætti allt til dagsins í dag. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld verið greidd af öllu landinu. Stefnendur vísa til þess að eignarréttur landeigenda hafi verið virtur af öllum, m.a. stefnda, frá ómunatíð sem hafi m.a. lýst sér í því að þeir hafi getað bannað öðrum not eignarinnar. Eignarréttur stefnenda hafi verið virtur í öllum viðskiptum varðandi jörðina og því byggi eignarhaldið á viðskiptavenju.

Stefnendur byggja einnig á því að venjuréttur og hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að landsvæðið sé eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að þeir tóku landið til einkanota. Öll afnot landsins séu háð leyfi landeigenda enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Stefnendur byggja m.a. á því að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands sem er í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem er ekki eignarrétti háð, sbr. 1. gr. hefðarlaga frá 1905. Því sé ekki haldið fram að landsvæðið hafi verið eigendalaust fram eftir öldum heldur séu sjónarmið um hefð náminu til staðfestingar. Stefnendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar og m.a. skipulagt smölun sauðfjár. Enginn hafi nýtt landið til beitar nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í ljósi framangreindra heimilda telja stefnendur sig hafa réttmæta ástæðu til að ætla að svæðið sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig fyrsta viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Lög nr. 58/1998 verði ekki í þessu ljósi skýrð á þá leið að

stefnendur þurfi að sýna frekar fram á að svæðið sé utan þjóðlendu. Kröfugerðin byggir á þinglýstum afsöllum, eignarheimildum og landamerkjabréfum. Á því er byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugaskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til þess að með afsalsbréfi 29. ágúst 1962 hafi Grunnavíkurreppur selt forverum núverandi landeigenda jörðina með öllum þeim gögnum og gæðum sem henni fylgja. Yfirvöld hafi ætíð viðurkennt eignarrétt landeigenda í raun, m.a. með því að innheimta skatta af jörðinni og eiga samskipti við þá sem eigendur. Venjuréttur, lögmætar væntingar og hefð falli hér saman og leiði til þess að öll réttindi sem fylgja eigninni tilheyri stefnendum. Sú meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og lögmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í stefnu eru gerðar frekari athugasemdir við úrskurð óbyggðanefndar en tilgangurinn með lögum nr. 58/1998 hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkið þinglýstan eiganda landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi. Land Bjarnarness sé hins vegar ekki eigendalaust. Í ljósi þinglýstra landamerkja svæðisins verði að leggja sönnunarbyrði á stefnda um tilvist þjóðlendu innan þeirra. Það standi stefnda nær að sýna fram á og sanna að beinn eignarréttur á landi þessu hafi fallið niður. Sú óhóflega sönnunarbyrði sem óbyggðanefnd leggi á stefnendur með því að krefjast sannana um framsal eignarréttar á landinu allt frá landnámi standist hvorki eignarréttarákvæði stjórnarskrár né mannréttindasáttmála Evrópu. Þá jafngildi þessi íþyngjandi sönnunarbyrði bóttalausri sviptingu eignarréttar og sæti stefnendur mismunun sem bann sé lagt við í 14. gr. sáttmálans. Mismununin sé í því fólgin að óbyggðanefnd geri aðra og ríkari sönnunarkröfu til eigenda Bjarnarness en til sönnunar um eignarrétt að öðrum fasteignum í landinu. Sönnunarkrafa óbyggðanefndar sé óljós, ógagnsæ, ófyrirsjáanleg og tilviljunarkennd og bitni einungis á stefnendum og öðrum þeim eigendum lands sem íslenska ríkið geri eignartilkall til á grundvelli þjóðlendulaga. Þá færa stefnendur fyrir því rök að málsmeðferð óbyggðanefndar feli jafnframt í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að Bjarnarnes, eins og svæðið er afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar, sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Stefndi gerir forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar að málsástæðum sínum til stuðnings sýknu í málinu.

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki verði dregnar afdráttarlausar ályktanir af frásögn Landnámu um landnám á ágreiningssvæðinu. Þannig verði ekki ráðið af frásögn Landnámu hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið í öndverðu þar sem ekki komi fram hversu langt til fjalla land var numið, þrátt fyrir að óbyggðanefnd hafi talið svæðið a.m.k. að talsverðu leyti innan landnáms Geirmundar heljarskinns. Stefndi áréttar að jafnvel þótt það yrði lagt til grundvallar skeri það eitt og sér ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þannig geti aðstæður verið með þeim hætti að engin gögn liggi fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunni að hafa stofnast með námi. Þá kunni einnig að koma til þess að beinn eignarréttur hafi fallið niður og landið í kjölfarið tekið til annarra takmarkaðra nota. Í dómum Hæstaréttar hafi verið lagt til grundvallar að landnám í öndverðu hafi ekki verið bundið við að beinn eignarréttur hefði stofnast heldur land jafnframt numið til afnota þannig að óbein eignarréttindi hefðu stofnast í öndverðu. Engin gögn liggi fyrir um það að til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu en verði talið að svo hafi verið byggir stefndi á því að hann hafi fallið niður og landið tekið til takmarkaðra nota af aðilum sem ekki leiddu rétt sinn frá fyrri eiganda.

Stefndi byggir á því að sá sem heldur fram beinum eignarrétti á landi beri sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu og beri að styðja málatilbúnað sinn með viðhlítandi heimildum. Það sé því stefnenda að sýna fram á og sanna stofnun og tilvist beins eignarréttar á landi innan Bjarnarness. Að mati stefnda hefur slík sönnun ekki tekist. Úrskurður óbyggðanefndar sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum nefndarinnar, kerfisbundinni leit Þjóðskjalasafns Íslands að gögnum, framlögðum skjölum aðila og skýrslum sem gefnar voru fyrir nefndinni. Bjarnarnes sé utan eignarlanda og sé þar af leiðandi þjóðlenda. Land utan jarða, þar með talin afréttarlönd, hafi að meginreglu verið talið þjóðlenda. Ekki liggi fyrir heimildir um að svæðið hafi verið jörð eða hluti jarðar fyrr en eftir sölu Grunnavíkurhrepps árið 1962. Byggir stefndi á því að tilvist landamerkjabréfs fyrir svæðið leiði ekki sjálfkrafa til þess að um jörð sé að ræða enda liggi fyrir að landamerkjabréf hafi bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti. Í dómum Hæstaréttar komi fram

að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs sérstaklega og með því að gera landamerkjabréf sé ekki hægt að auka einhliða við land eða annan rétt umfram það sem verið hafði.

Í greinargerð stefnda kemur fram að skriflegar heimildir, sem séu eldri en landamerkjabréf Bjarnarness, sýni fram á að svæðið hafi ekki verið jörð í skilningi eignarréttar. Er sérstaklega vísað til þess að í Jarðabók Árna og Páls sé að finna lýsingu á almenningi en ekki jörð. Ekki liggi fyrir aðrar heimildir sem bendi til þess að búseta hafi verið á svæðinu fyrir þann tíma. Þá hafi ekki stofnast til eignarréttar í Bjarnarnesi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 eins og í tilviki Látravíkur en Bjarnarnes og Látravík séu innan svokallaðra Almenninga [eystri]. Með stofnun nýbýlis í landi Látravíkur hafi beinn eignarréttur í eigendalausum landi stofnast. Engar heimildir liggi hins vegar fyrir um stofnun nýbýlis í tilviki Bjarnarness. Mál stefnenda sé því ekki sambærilegt. Sala oddvita Grunnavíkur á Bjarnarnesi árið 1962 hafi engin áhrif þar sem ráðstöfunin hafi ekki getað stofnað til eignarréttar hafi honum ekki verið til að dreifa áður.

Um málsástæður stefnenda um hefð telur stefndi ekkert liggja fyrir um annað en að þrætusvæðið allt eða einstakir hlutar þess hafi einungis verið nýtt til takmarkaðra nota. Samkvæmt gögnum málsins hafi svæðið fyrst og fremst verið notað sem almenningur til takmarkaðra nota en ekki búsetu. Fyrir liggi fjöldi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem staðfest hafi verið að hefðbundin afreittarnot séu ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að slíkum svæðum. Stefndi tekur undir með óbyggðanefnd varðandi það að búseta á Bjarnarnesi hafi verið verulega takmörkuð allt frá seinni hluta 19. aldar og á meðan henni hafi staðið hafi hún varað í nokkur ár í senn. Þess á milli hafi engin eða takmörkuð afnot verið af svæðinu. Geti slík umráð ekki uppfyllt kröfur 2. gr. hefðarlaga um óslitið eignarhald á fasteign. Af dómum Hæstaréttar megi ráða að ráðstafanir á borð við kaup, sölu eða skráningu í fasteignabók ráði ekki úrslitum um það hvort skilyrði hefðarlaga séu uppfyllt. Þá leiði sömu sjónarmið til þess að ekki hafi stofnast til óbeinna eignarréttinda á svæðinu.

Stefndi hafnar því að stefnendur eigi rétt til þrætusvæðisins á grundvelli réttmætra væntinga og einnig því að málsmeðferð og úrskurður óbyggðanefndar brjóti gegn mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi byggir á því að reglur um sönnunarbyrði um eignarrétt að landi séu ekki í andstöðu við sáttmálann.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort fella beri úr gildi úrskurð óbyggðanefndar að því leyti sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Bjarnarnes, líkt og það er afmarkað í úrskurðinum, sé þjóðlenda. Stefnendur telja svæðið til eignarlands síns og byggja á því að viðurkenna beri beinan eignarrétt þeirra að svæðinu. Til vara er krafist viðurkenningar á hefðbundnum afnotarétti stefnenda. Stefndi hefur gert rökstuðning óbyggðanefndar að málsástæðum sínum til stuðnings sýknu. Í málinu er ekki deilt um afmörkun svæðisins heldur eignarréttarlega stöðu þess.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, er fjallað um sönnun við meðferð þjóðlendumála. Tekið er fram að ekki verði settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar verði fram í hverju tilviki. Með lagasetningunni var þannig ekki stefnt að því að skerða eignarrétt eða raska réttindum með því að taka eignir af mönnum heldur að ganga úr skugga um það hvort viðhlítandi heimildir væru fyrir eignarrétti. Skipan mála var hins vegar breytt með lögunum að því leyti að eigandalaust land var fellt undir eignarráð stefnda, sbr. t.d. *dóm Hæstaréttar Íslands 21. október 2004 í máli nr. 48/2004*. Stefnendur bera samkvæmt framangreindu sönnunarbyrðina fyrir því að þeir eigi beinan eignarrétt að því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn verður einkum kannað hvort óbyggðanefnd verður talin hafa dregið forsvaranlegar ályktanir af þeim gögnum og heimildum um ágreiningsvæðið sem fyrir lágu við rannsókn nefndarinnar. Við þá könnun er einnig litið til skjala sem lögð hafa verið fyrir dóminn.

Landamerkjabréf Bjarnarness og aðliggjandi jarða, þ.e. milli Bjarnarness annars vegar en jarðanna Smiðjuvíkur og Látravíkur hins vegar, eru bæði dagsett í júní 1889 og voru þinglesin í ágúst 1890. Þau eru undirrituð af fulltrúa hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps og bendir það til þess að hreppurinn hafi þá talið Bjarnarnes eign sína. Þetta samræmist frásögn Grunnvíkingabókar um síðasta ábúanda Bjarnarness, Baldvin Sigfússon. Þar er sagt frá bréfi oddvita 23. maí 1893 fyrir hönd hreppsnefndar þar sem Benedikt Hermannsson var beðinn um að færa í tal við Baldvin hvort hann vildi ekki borga til hreppsins árlegt gjald fyrir að vera í Bjarnarnesi.

Dómurinn tekur undir með óbyggðanefnd og stefnda að því leyti að tilvist landamerkjabréfs fyrir landsvæði sker ekki ein og sér úr um það hvort um jörð eða

eignarland hafi verið að ræða. Þótt landamerkjabréfin geti þannig haft sönnunargildi um mörk Bjarnarness við aðliggjandi landsvæði var það ekki á valdi hreppsins að auka með bréfunum við land sitt eða annan rétt umfram það sem áður hafði verið. Geta bréfin því ekki nægt til að sanna beinan eignarrétt stefnenda að Bjarnarnesi heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til sem stutt geta sömu niðurstöðu.

Dómurinn telur enga ástæðu til að ætla að Bjarnarnes hafi fallið utan landnáms Geirmundar Heljarskinns. Svæðið liggur að sjó og er innan þeirra merkja sem Landnáma lýsir en almennt verður að gera ráð fyrir því að land við sjávarsíðuna hafi verið numið frá öndverðu. Enda þótt fallast megi á það með óbyggðanefnd að landnámsmörk upp til fjalla og inn til lands séu ekki tiltekin verður ekki séð að það hafi þýðingu í máli þessu þar sem ekki er deilt um afmörkun svæðisins.

Bjarnarnes fellur ásamt Látravík innan svæðis sem nefnt hefur verið Almenningar eystri frá fornu fari og þá til aðgreiningar frá Almenninum vestari. Dómurinn hefur í huga að hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar líkt og fram kemur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Hugtakið hefur þannig allt eins verið notað um rétt til nytja tiltekins landsvæðis og í tilteknum tilgangi. Lýsing Jarðabókar Árna og Páls frá 1710 bendir þó eindregið til þess að þar vísi hugtakið til þess að landið hafi í raun verið eigandalaust. Verður að áliti dómsins að leggja til grundvallar að sá eignarréttur sem stofnast hafi til við landnám hafi á þessum tímamarki verið fallinn niður.

Af jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804, sóknarlýsingu Grunnavíkursóknar í Sýslu- og sóknalýsingu Vestfjarða frá 1840 og Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er ekki unnt að draga þá ályktun að nokkuð hafi breyst um eignarréttarlega stöðu svæðisins frá því að Árni og Páll rituðu Jarðabók sína. Tíu árum frá síðastnefnda tímamarkinu, við manntalsþing að Stað í Grunnavík 27. maí 1857, var samið um hvalmál Vatnsfjarðarkirkju og mælt fyrir um að „Bjarnarnesmönnum“, sem mest höfðu haft af hvalnum, skyldi greiða tiltekna fjárhæð. Jarðarinnar er, líkt og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar, ekki getið í Nýrri jarðabók fyrir Ísland frá 1861. Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, um ferð hans um Hornstrandir sumarið 1886, verður að telja trausta heimild um það að Jón Guðmundsson (f. 1842) hafi búið á Bjarnarnesi frá því u.þ.b. 1873. Engu verður hins vegar slegið föstu um það á grundvelli þessara heimilda um það hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir svæðinu á þessum tíma.

Með vísan til framangreinds liggja ekki fyrir í málinu skjöl eða önnur gögn sem varpað geta ljósi á það á hvaða grundvelli stofnast hafi til beins eignarréttar Grunnavíkurrepps yfir Bjarnarnesi. Þá verður ekki af fyrirbyggjandi heimildum ráðið hvenær það eigi að hafa gerst en líklegt verður að telja að hreppurinn hafi gert tilkall til landsins einhvern tíma frá því að Ný jarðabók fyrir Ísland kom út árið 1861 og í síðasta lagi við gerð landamerkjabréfanna árið 1889. Mun áður nefndur Baldvin Sigfússon hafa búið í Bjarnarnesi frá 1890 til 1898 og hugsanlega greitt hreppnum gjald fyrir afnot af landinu. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem gefur til kynna að umráð landsins hafi nokkru sinni eftir það verið með þeim hætti að þau geti talist uppfylla kröfur laga nr. 46/1905 um hefð með óslitnu eignarhaldi á fasteign.

Hér getur ekki skipt máli þótt Bjarnarnes hafi verið á eignaskrá hreppsins á tuttugustu öld, landið veðsett eða fært inn í fasteignamat. Þá getur það ekki haft þýðingu þótt fyrir liggi að landinu hafi verið afsalað til forvera stefnenda á árinu 1962 enda gat ekki falist í afsalinu víðtækari eignarréttur en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Teljast stefnendur því ekki hafa fært haldbær rök fyrir því að þeir hafi öðlast réttmætar væntingar til þess að njóta eignarréttinda innan hins umþrætta landsvæðis. Loks verður hafnað í einu lagi málsástæðum stefnenda sem lúta að því að með málsmeðferð eða niðurstöðu óbyggðanefndar hafi verið gengið gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti þeirra eða réttindum á grundvelli mannréttinasáttmála Evrópu, þ.m.t. 6. gr. og 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka við hann. Að gættum leiðbeiningum sem finna má í dómum Hæstaréttar verður ekki séð að þyngri sönnunarbyrði sé lögð á stefnendur en almennt hefur verið gert í málum af þessu tagi. Er hún enn fremur að mati dómsins ekki svo óhófleg að farið geti í bága við nefnd ákvæði stjórnarskrár og mannréttinasáttmála Evrópu.

Varakrafa stefnenda um viðurkenningu hefðbundins afnotaréttar þeirra á Bjarnarnesi er ekki rökstudd sérstaklega í stefnu. Verður fallist á það með óbyggðanefnd að ekkert liggi fyrir um það í málinu að til slíkra réttinda hafi stofnast.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að stefnendur hafi ekki leitt í ljós að úrskurður óbyggðanefndar, um það að hið umþrætta landsvæði teljist þjóðlenda og stefnendur eigi þar ekki afnotarétt, sé háður efnisannmörkum sem leitt gætu til ógildingar hans að þessu leyti. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnendur fengu gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra 26. febrúar 2024. Gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, sem þykir hæfilega ákveðin 2.280.000 krónur. Í samræmi við dómvenju er sú þóknun ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnenda flutti málið Ólafur Björnsson lögmaður en af hálfu stefnda Sigurgeir Valsson lögmaður.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning tafðist umfram fjórar vikur frá því að málið var dómtekið en fyrir liggja yfirlýsingar aðila um að þeir telji ekki þörf á því að það verði flutt að nýju, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Er það jafnframt mat dómara. Dómari tók við málinu 1. nóvember 2024 en hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnenda, Guðfinnu Sigurjónsdóttur, Sigurjóns Kristins Sigurjónssonar, Bjarka Bjarnasonar, Guðbjargar Nordal Þorsteinsdóttur, Hilmars Hjartarsonar, Hjördísar Hjartardóttur, Sigurðar Bjarna Hjartarsonar, Sigríðar J. Sigurjónsdóttur, Hallgríms Magnúsar Sigurjónssonar og Viðars Hjartarsonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns þeirra, Ólafs Björnssonar, 2.280.000 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson